

29. mars 2023

**Efni: Umsögn Dómarafélags Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 50/2016 (fjölgun dómara við Landsrétt), 822. mál.**

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis 16. þessa mánaðar um umsögn Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2016 um dómstóla þar sem lagt er til að fjölga dómurum við Landsrétt um einn, úr 15 í 16.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um frumvarpið. Ljóst er að vegna ófyrirséðra atvika, sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu og urðu eftir að Landsréttur tók til starfa, að röskun varð á starfsemi dómstólsins á fyrstu starfsárum hans. Samkvæmt upplýsingum frá dómstólasýslunni sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu hefur þetta ásamt fleiri ástæðum aukið mjög álag við réttinn undanfarin ár og leitt til þess að tafir hafa orðið á meðferð mála. Af upplýsingum um málafjölda og þróun málshraða við dómstólinn verður ráðið að verði ekkert að gert muni málsmeðferðartími við Landsrétt halda áfram að lengjast frá því sem nú er.

Af hálfu félagsins er eindregið tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu um nauðsyn lagasetningar til að fjölga dómurum við réttinn. Dómarafélag Íslands styður því tillögu um fjölgun dómara við Landsrétt enda stuðlar hún að því að tryggja rétt aðila að dómsmálum til málsmeðferðar innan hæfilegs tíma, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Í tengslum við umfjöllun um fjölda dómara við Landsrétt vill Dómarafélagið nefna sérstaklega að í febrúar á þessu ári var auglýst laust til setningar embætti dómara við réttinn til 28. febrúar 2029 í tengslum við leyfi skipaðs landsréttardómara sem tekið hefur sæti í alþjóðlegum dómstóli. Er þetta í fyrsta skipti sem auglýst er setning dómara til svo langs tíma, eða sex ára samfleytt, en áður hefur verið auglýst embætti dómara við Hæstarétt til setningar í þrjú ár vegna leyfis dómara af sömu ástæðu.

Dómarafélag Íslands bendir á að dómarar við hina almennu dómstóla landsins eru eina stétt embættismanna sem skipaðir eru ótímabundið, sbr. ákvæði laga nr. 50/2016 um dómstóla. Þótt ekki séu bein fyrirmæli þess efnis í stjórnarskránni hefur verið leitt af orðalagi 61. gr. hennar að dómarar skuli skipaðir til óákveðins tíma þar til þeir brjóta af sér eða fullnægja ekki lengur almennum hæfisskilyrðum og færu því lagafyrirmæli um fimm ára skipunartíma gegn þessu ákvæði. Þessi tilhögun hvílir á þeirri grundvallareglu að tryggja beri sjálfstæði dómara og að þeir eigi ekki yfir höfði sér lausn frá embætti að loknum styttri skipunartíma vegna verka sinna. Þótt þeir sem eru settir til að gegna starfi dómara til fyrirfram ákveðins tíma njóti sömu stöðu og skipaðir dómarar á setningatímanum og sjálfstæði þeirra sé tryggt geta skapast álitafni um

hvort tímabundin setning geti haft áhrif á sjálfstæði og störf dómars, stefni hann að því að setning verði framlengd eða hann leiti síðar eftir skipun í embætti.

Til að viðhalda skilvirkni dómskerfisins getur verið nauðsynlegt að manna stöður dómara tímabundið, svo sem vegna veikinda eða forfalla fastra dómara. Við slíkar aðstæður er heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2016 að setja dómara til allt að tólf mánaða. Þegar slík málefnaleg rök eru fyrir tímabundinni setningu dómara og úrræðið er aðeins nýtt í afmörkuðum og lögmæltum tilvikum verður ekki talið að það fari gegn meginreglunni um sjálfstæði dómara.

Heimild laga nr. 50/2016 til að setja dómara á öllum dómstigum til sex ára, sbr. 3. mgr. 18. gr. um Hæstarétt, 3. mgr. 26. gr. um Landsrétt og 3. mgr. 35. gr. um héraðsdóm, vegna leyfis skipaðs dómara til að starfa hjá alþjóðadómstól eða alþjóðastofnun er hins vegar af öðrum toga. Hún vekur upp spurningar um hvort svo langur setningartími í dómaraembætti samrýmist sjónarmiðum um sjálfstæði dómstóla sem fyrr er lýst og varið er í stjórnarskrá.

Fyrir liggur að allir umsækjendur um setningu dómara við Landsrétt til sex ára sem lýst var að framan eru héraðsdómarar. Þegar héraðsdómari er settur af þessari ástæðu sem landsréttardómari skal embætti þess fyrrnefnda auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, þ.e. einnig í sex ár, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga nr. 50/2016. Sama gildir ef landsréttardómari er settur hæstaréttardómari til sex ára, sbr. 3. mgr. 26. gr. laganna.

Af þessu fyrirkomulagi leiðir að einhvers konar keðja getur skapast í sex ára setningum dómara á öllum dómstigum fái dómari við Hæstarétt leyfi frá störfum til svo langs tíma. Setningartími miðast við þann tíma sem leyfi hins fasta dómara stendur. Af ákvæðum laga er hins vegar ekki ljóst hvernig skuli fara með ef leyfi fasts dómara reynist styttra en áætlað var eða hann lætur af embætti. Þannig er öryggi hins setta dómara í leyfi annars dómara enn minna en ella, enda er starfstími hans í raun þá háður því að engar breytingar verði á leyfi þess dómara sem hann er settur fyrir.

Dómarafélagið telur að lagafyrirmæli um setningu í embætti dómara til sex ára geti dregið úr festu sem þarf að ríkja um skipun dómara og skapað óvissu um stöðu þeirra sem settir eru í embætti til svo langs tíma. Félagið hvetur allsherjar- og menntamálanefnd til að huga að breytingum á fyrirkomulagi um setningu í embætti fyrir dómara sem fær sex ára leyfi frá störfum til að starfa hjá alþjóðadómstól eða alþjóðastofnun. Einn valkostur gæti verið að bæta við dómstólalögin ákvæði um að fjölga megi tímabundið við dómstól þegar dómari kemur til baka úr slíku leyfi eða að hann geti tekið við embætti sem er laust þegar störfum hans við alþjóðastofnun lýkur. Félagið telur að núverandi skipan sé til þess fallin að stefna sjálfstæði dómara í hættu. Leita þarf leiða til bæta úr því og lýsir félagið sig viljugt til samvinnu í þeim efnum.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Dómarafélags Íslands



Kristbjörg Stephensen